

Nr. 1210

19. desember 2013

Sé munur á texta hér að neðan og texta í auglýsingu nr. 1210/2013 í B-deild Stjórnartíðinda, auglýsingu nr. 426/2015, auglýsingu nr. 483/2016 eða auglýsingu nr. 1293/2018 gilda auglýsingar Stjórnartíðinda.

GJALDSKRÁ

fyrir norræna umhverfismerkið, Svaninn.

1. gr.

Gildissvið.

Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta gjald vegna notkunar á norræna umhverfismerkinu Svaninum skv. reglugerð um umhverfismerki nr. 525/2006

2. gr.

Umsóknargjald og endurnýjunargjald.

Umhverfisstofnun innheimtir umsóknargjald og endurnýjunargjald fyrir leyfi til notkunar á norræna umhverfismerkinu Svaninum skv. 10. gr. reglugerðar nr. 525/2006. Gjaldið er eftirfarandi:

- a) Fyrir lítil fyrirtæki 165.000 kr. Gjaldið gildir fyrir fyrirtæki með minna en 10 starfsmenn/ársverk og heildarveltu undir 200 m. kr.
- b) Fyrir önnur fyrirtæki en skv. a-lið 330.000 kr.
- c) Fyrir endurnýjun 165.000 kr. en þó 82.500 kr. fyrir lítil fyrirtæki skv. a-lið hafi fyrirtækið sótt um endurnýjun leyfis vegna nýrra viðmiða áður en leyfi þess rennur út. Við endurnýjun leyfis vegna nýrra viðmiða í öðrum tilvikum skal greiða gjald samkvæmt a- eða b-lið. Umsóknar- og endurnýjunargjald greiðist þegar umsókn er lögð fram, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 525/2006. Heimilt er að innheimta viðbótargjald vegna kostnaðar við nauðsynlegar prófanir og sannprófanir, sbr. 23. gr. reglugerðar nr. 525/2006. Kostnaður vegna nauðsynlegra úttekta sem fram fara á öðrum Norðurlöndum er gjaldfrjáls en innheimt er vegna slíkra úttekta sem fram fara utan Norðurlandanna.
- d) [Fyrir hús [og endurbætur á húsnæði]³ 425.000 kr. Að auki er greitt 680 kr. fyrir hvern fermetra hússins. Innifalið í gjaldinu er ein úttektarheimsókn. Greitt er sérstaklega fyrir aðrar úttektir, 76.000 kr. fyrir hverja úttektarheimsókn.]²

Skrásetning leyfis hér á landi fyrir vörur eða þjónustu sem fengið hafa norræna umhverfismerkið á öðrum Norðurlöndum er gjaldfrjáls.

3. gr.

Almennt árgjald fyrir vörur.

Umhverfisstofnun innheimtir árgjald vegna notkunar norræna umhverfismerkisins á Norðurlöndum fyrir vörur hafi leyfi verið veitt á Íslandi. Fjárhæð gjaldsins tekur mið af kostnaði við eftirlit, kynningu, fræðslu og rekstur merkisins ásamt þróun viðmiðunarreglna.

Árgjald vöru sem ber norræna umhverfismerkið er:

- a) 0,3% af veltu vörunnar á ári, sbr. þó b- og c-lið.
- b) 0,3% af veltu vörunnar mjúkpappír á ári allt að 4.950.000.000 kr. en 0,05% af veltu vörunnar umfram þá fjárhæð.
- c) 0,15% af veltu varanna byggingarplötur, prent- og ljósritunarpappír, brennslukubbar (pellets) og eldsneyti á ári allt að 3.300.000.000 kr. en 0,05% umfram þá fjárhæð.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. er hámarksárgjald fyrir vörur viðkomandi vöruflokka eftirfarandi:

- a) 16.500.000 kr. fyrir einnota rafhlöður, uppþvottavélar, þvottavélar, kæli- og frystiskápa, þvottaefni og blettahreinsa, prenthylki, bón- og hreinsivörur fyrir bíla og báta, skrifstofutæki, uppþvottalög, ræstiefni, gólfefni, endurhlaðanlegar rafhlöður og hleðslutæki, húsgögn og innréttingar, textílefni, leður og skinn, garðvinnutæki og vélar, tölvur, gólfbón, varmadælur, hjólbarða, garðhúsgögn og útileikföng, eldstæði og kamínur, þvottaefni fyrir uppþvottavélar í iðnaðareldhúsum, örtrefjaklúta og moppur, snyrtivörur (fyrir hverja tegund

- innan vöruflokks), einnota matvælaumbúðir, þvottaefni til iðnaðarnota, leikföng, efnavöru í byggingaiðnaði, einnota pokar og slöngur, [kerti,]¹ og aukahlutir fyrir heilbrigðisþjónustu.
- b) Fyrir byggingaplötur, brennslukubba (pellets), prent- og ljósritunarpappír, mjúkpappír og eldsneyti er ekkert hámarksgjald.

[Þrátt fyrir 1., 2. og 3. mgr. er lágmarksgjald fyrir vörur viðkomandi vöruflokka 21.000 kr.]³

4. gr.

Sérstakt árgjald fyrir vörur sem eingöngu eru seldar á Íslandi.

Þrátt fyrir 3. gr. er lágmarksárgjald 55.000 kr. og hámarksárgjald 2.700.000 kr. ef varan er eingöngu markaðssett á Íslandi. Hámarksárgjald fyrir fyrirtæki með fleiri en eina Svansmerkta vörutegund er 5.400.000 kr. ef varan er eingöngu markaðssett á Íslandi

5. gr.

Almennt árgjald fyrir þjónustu.

Umhverfisstofnun innheimtir árgjald vegna notkunar á norræna umhverfismerkinu Svaninum fyrir þjónustu hafi leyfi verið veitt á Íslandi, skv. 10. gr. reglugerðar nr. 525/2006. Fjárhæð gjaldsins tekur mið af kostnaði við eftirlit, kynningu, fræðslu og rekstur merkisins ásamt þróun viðmiðunarregla. Árgjald þjónustu sem ber norræna umhverfismerkið er fyrir:

Árgjald þjónustu sem ber norræna umhverfismerkið er fyrir:

- 1) [[Hótel, gististaðir og veitingastaðir]³: [Lágmarksgjald fyrir hvert hótel, gististað og veitingastað er 55.000 kr.]³
 - a) 0,15% af veltu ársins upp að 247.500.000 kr., sbr. þó b-lið,
 - b) 0,05% af veltu ársins, þegar veltan er hærri en 247.500.000 kr. [³Lágmarksgjald fyrir hvert hótel og gististað er 55.000 kr. Hámarksgjald fyrir hvert hótel, hvern gististað og hvern veitingastað er 700.000 kr. fyrir árið 2015, 770.000 kr. fyrir árið 2016, 840.000 kr. fyrir árið 2017, 915.000 kr. fyrir árið 2018 og 990.000 kr. fyrir árið 2019.]¹
- 2) fyrirtæki á sviði ræstinga og hreinsunar:
 - a) 0,15% af veltu ársins upp að 1.100.550.000 kr. en 0,05% af veltu umfram þá fjárhæð. Lágmarksgjald fyrir hvert fyrirtæki á sviði ræstinga og hreinsunar er 55.000 kr og hámarksgjald fyrir hvert fyrirtæki á sviði ræstinga og hreinsunar er 600.000 kr.
- 3) dagvöruverslun:
 - a) [250.000 kr. fyrir hverja verslun allt að 5 verslunum. Fyrir hverja verslun, þegar fjöldi þeirra er 6-14, er greitt 125.000 kr. fyrir hverja verslun. Fyrir hverja verslun umfram 15 verslanir er greitt 67.500 kr.]³
- 4) bílaþvottastöð:
 - a) 0,15% af veltu ársins. Lágmarksgjald fyrir hverja bílaþvottastöð er 55.000 kr. og hámarksgjald fyrir hverja bílaþvottastöð er 600.000 kr.
- 5) þvottahús:
 - a) 0,15% af veltu ársins. Lágmarksgjald fyrir hvert þvottahús er 55.000 kr. og hámarksgjald fyrir hvert þvottahús er 600.000 kr.
- 6) stafræna framköllun:
 - a) 0,15% af veltu ársins. Lágmarksgjald fyrir hverja stafræna framköllun er 55.000 kr. og hámarksgjald fyrir hverja stafræna framköllun er 600.000 kr.
- 7) efnalaug:
 - a) 0,15% af veltu ársins. Lágmarksgjald fyrir hverja efnalaug er 55.000 kr. og hámarksgjald fyrir hverja efnalaug er 600.000 kr.
- 8) prentsmiðju:
 - a) 245 kr. á hvert tonn vegna innkaupa á pappír að 2.000 tonnum.
 - b) 82 kr. á hvert tonn vegna innkaupa á pappír umfram 2.000 tonn. Lágmarksgjald fyrir hverja prentsmiðju er 270.000 kr. og hámarksárgjald fyrir hverja prentsmiðju er 2.475.000 kr.

6. gr.

Breyting á leyfi.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir breytingu á leyfi til notkunar á norræna umhverfismerkinu Svaninum. [Minniháttar breyting, s.s. að breyta uppskrift vöru er innifalin í árgjaldi. Gjald fyrir miðlungs breytingu, s.s. að bæta við allt að 2 vörum í vörulínu eða taka upp nýja þjónustueiningu, er 43.400 kr. Gjald fyrir verulega breytingu, s.s. að bæta við þremur eða fleiri vörum í vörulínu eða bæta við fleiri en einni nýrri þjónustueiningu, er 86.800 kr.]³ [Þegar um er að ræða breytingu á leyfi fyrir hús er gjaldið 152.000 kr.]²

7. gr.

Greiðsla reikninga.

Eindagi gjalda skv. gjaldskrá þessari er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

8. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2014. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir norræna umhverfismerkið, Svaninn, nr. 480/2012.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 19. desember 2013.

F. h. r.

Stefán Thors.

Björgvin Valdimarsson.